

Viðbragðsáætlun Menntaskólans í Reykjavík vegna COVID-19 smits eða gruns um smit hjá starfsfólki

- 1. Veikindi.** Starfsmaður verður veikur og fer í COVID-19 próf sem reynist jákvætt.
- 2. Smitrakningarteymi** hefur samband við þann sem hefur smitast og eftir atvikum við rektor eða konrektor. Starfsmaður upplýsir um aðstæður í skólanum og samskipti sín við aðra á tilgreindu sóttvarnarsvæði og -hólfi. Starfsmaður hefur samband við rektor eða konrektor og upplýsir um stöðu mála.
- 3. Tímabil sóttkvíar.** Smitrakningarteymi gefur upp það tímabil sem miða á við og er þá gengið út frá reglunni: Innan 48 klukkustunda og innan 2 metra í meira en 15 mínútur með þeim smitaða. Sóttkví er 14 dagar frá útsetningu fyrir smiti. Miðað er við 24 klukkustundir áður en fyrstu einkenna varð vart. Ef um engin einkenni er að ræða er miðað við 48 klukkustundir frá sýnatöku.
 - Dæmi: Starfsmaður A fær einkenni 20. ágúst en greinist með COVID-19 þann 22. ágúst. Hann hitti starfsmann B 19. ágúst og þeir unnu saman. Starfsmaður B fer þá í 14 daga sóttkví frá 19. ágúst.
- 4. Úrvinnslusóttkví.** Ef vafamál koma upp um umgengni eða samneyti starfsfólks þá er engin áhætta tekin heldur er svæði eða hólfi lokað tímabundið. Svokölluð úrvinnslusóttkví stendur yfir þangað til búið er að rekja smit eða niðurstöður sýnatöku liggja fyrir.

Mikilvægt er að starfsfólk haldi sig heima og mæti ekki til vinnu ef það finnur fyrir einkennum. Helstu einkenni COVID-19 minna á venjulega flensu: Hiti, hósti, bein- og vöðvaverkir og þreyta. Meltingareinkenni (kviðverkir, ógleði/uppköst, niðurgangur) eru ekki mjög áberandi með COVID-19 en eru þó þekkt.

Ef fyrrnefnd einkenni koma upp hjá starfsmanni er hann eindregið hvattur til þess að hafa samband við Heilsugæslu, netspjallið á Heilsuvernd.is eða vaktsíma 1700 með ofangreindar upplýsingar.

Reykjavík, 21. ágúst 2020

Viðbragðsteymi Menntaskólans í Reykjavík